

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 10. nóvember 2022

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Samfés, landssamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd). Þingskjal 400 – 382. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

UNICEF á Íslandi, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Landssamtökin Þroskahjálpar og Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi, lýsa áhyggjum af áhrifum frumvarps um breytingar á lögum um útlendinga á börn. Við hvetjum allsherjar- og menntamálanefnd að skýra rétt barna og tryggja að lögin séu í samræmi við markmið Barnasáttmálans.

Frumvarpið er nú lagt fram í fimmta sinn á Alþingi og ber að viðurkenna og fagna þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frumvarpinu börnum til hagsbóta. Þá sérstaklega að sett verði reglugerðarheimild um mat á hagsmunum barna og að undirbúningur reglugerðarinnar verði samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis. Lýsa samtökin áhuga og vilja til þess að styðja við þann undirbúning og taka undir umsagnir Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rauða krossins sem hafa ítrekað kallað eftir samráði um breytingar á útlendingalögum.

Þá má nefna að samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi eru börn og fjölskyldur þeirra nú undanskilin frá réttindamissi um þjónustu sem fullorðnum er gert að þola þegar synjun um vernd liggur fyrir, enda hefði slík ráðstöfun brotið gegn Barnasáttmálanum og grundvallarmannréttindum barna.

UNICEF, Barnaheill, Þroskahjálpar og Samfés minna á mikilvægi þess að allar ráðstafanir eða ákvarðanir yfirvalda er varða börn séu byggðar á því sem börnum er fyrir bestu, sbr. 3. grein Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Af því leiðir að allar takmarkanir á réttindum barna sem festa á í lög þarf að rökstyðja og byggja á raunverulegu mati á áhrifum þeirra ákvarðana á líf barna sem hingað leita eftir alþjóðlegri vernd.

Athugasemdir um greinar frumvarpsins:

8. grein

1) Tímafrestir

Samkvæmt frumvarpinu eiga tímafrestir varðandi heimild til endurupptöku mála og efnismeðferðar, að breytast í 12 mánuði og viðmiðinu breytt þannig að fresturinn miðist við úrskurð kærnefndar útlendingamála. Ekki er skýrt hvort ákvæðið eigi við um börn og hvort það sé breyting frá núgildandi reglugerð sem kveður á um að fresturinn fyrir börn skuli vera 10 mánuðir frá því að umsókn er lögð fram og þar til brottvísun er framkvæmd. Mikilvægt er að það verði skýrt í greinargerð með frumvarpinu hvort með 8. grein frumvarpsins sé ætlunin að þrengja rétt barna til efnismeðferðar.

Hvað varðar þá breytingu tókum við undir sjónarmið og umfjöllun Rauða krossins um ákvæðið og tillögu þeirra um að halda 2. málsl. 2. mgr. 36. gr. gildandi laga óbreyttum en breyta 2. mgr. 74. gr. laganna til samræmis við hann, þannig að miðað verði við heildardvalartíma sem barn er hér á landi og ef hann dregst fram yfir 10 mánuði frá því umsókn var lögð fram skuli mál þess verða tekið til efnismeðferðar. Þar vegur þyngst skylda stjórnvalda til þess að meta hagsmuni barns. Verði breytingar á högum barns frá úrskurði og fram að brottvísun, þurfa stjórnvöld að breyta ákvörðunum sínum varðandi rétt barnsins til efnismeðferðar, byggt á mati á sem barninu er fyrir bestu.

3) Mikilvægt er það sé skýrt í lögum að tafir á meðferð máls sem rekja megi til aðstandenda barns skuli aldrei túlka barni í óhag við málsmeðferð umsóknar þess. Það á ekki að koma niður á rétti barns ef aðstandandi þess er valdur að töfum.

4) Það er ennfremur mikilvægt að árétta að öll mál sem varða börn skal alltaf meta með hagsmuni barns að leiðarljósi og taka ákvörðun á grundvelli þess sem talið er barni fyrir bestu að loknu mati. Tímafrestir mega ekki leiða til þess að slakað sé á kröfunni um mat á hagsmunum barns.

13. grein

Í þessari grein frumvarpsins eru settar takmarkanir á það hver eiga rétt á fjölskyldusameiningu eftir að alþjóðleg vernd hefur verið veitt. Afar mikilvægt er að rýra ekki rétt barna til að sameinast foreldrum sínum og skulu ríki, skv. 10. grein Barnasáttmálans, með „jákvæðu hugarfari afgreiða beiðni barns eða foreldris þess um að koma til eða fara frá aðildarríki vegna endurfunda fjölskyldu.“

Breytingartillögur frumvarpsins geta því ekki skert réttindi barna til fjölskyldusameiningar og tókum við undir sjónarmið Rauða krossins og Mannréttindaskrifstofu Íslands um rétt til friðhelgi einkalífs sem varinn er af 71. grein stjórnskrár og 8. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.

UNICEF á Íslandi, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Landssamtökin Þroskahjálpi og Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi skora á Alþingi að tryggja mannréttindi barna við ákvarðanir sínar um breytingar á útlendingalögum.